

Dr. Jónas Elíasson lauk fyrrihlutaprófi frá Verkfræðideild Háskóla Íslands 1959. Hann lauk MS prófi (cand. polyt.) frá DTH (nú DTU) í Kaupmannahöfn 1962 og doktorsprófi (lic. techn.) frá sama skóla 1973. Titill doktorsverkefnis hans var „Convective Groundwater Flow“.

Jónas vann sem sérfræðingur hjá Laboratoriet for Havnebygning 1962-1964 í Kaupmannahöfn og sem lektor við DTH 1970-1973. Árin 1964-1965 starfaði Jónas hjá Vita- og hafnamálaskrifstofunni og Raforkumálaskrifstofunni 1965-1970. Eftir að hann lauk doktorsprófi var Jónas ráðinn prófessor við Verkfræði- og raunvísindadeild 1973 og starfaði þar uns hann fór á eftirlaun 2008, utan árin 1985-1987 þegar hann var aðstoðarmaður iðnaðarráðherra. Síðan hefur Jónas verið rannsóknaprófessor við Jarðskjálftamiðstöð Háskóla Íslands á Selfossi, kennari við RES – Háskólann á Akureyri og prófessor við Kyoto Háskóla í Japan. Jónas hefur verið virkur rannsakandi á fagsviði vatna- og straumfræði og eftir hann liggur fjöldi vísindagreina í tímaritum og ráðstefnuritum og þá þróaði hann aðferðir sem notaðar eru við úrkomuhönnun. Jónas hefur einnig verið virkur í að rannsaka orsakir og afleiðingar náttúruhamfara, þar með talið flóð og öskudreifingu vegna eldgosa. Hann var leiðbeinandi fjölda doktors- og meistaranema og átti mikinn þátt í að byggja upp fræðasvið sitt við Háskóla Íslands sem og að þróa námið við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

Jónas hefur alla tíð verið virkur í félagsstörfum. Hann var meðal annars formaður Norræna vatnafræðifélagsins 1974-1976, sat í framkvæmdaráði Reykjavíkurborgar 1978-1982 og hafnarstjórn Reykjavíkur 1982-1993. Hann var meðal annars formaður stjórnar Verkfræðistofunnar Vatnaskil 1980-1985, formaður stjórnar Verkfræðistofunnar Straums 1979-1995, formaður stjórnar Orkint 1986-1988, formaður stjórnar Orkustofnunar 1985-1988 og stjórnarformaður Jarðborana 1987-1997.

Jónas hefur átt langan og farsælan feril sem verkfræðingur og prófessor og hefur með frumkvæði sínu og fagmennsku lagt fram mikilvægan skerf til þróunar verkfræði á Íslandi og verið merkisberi fagsviðs vatna- og straumfræði héraendis og á alþjóðavísu.